

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Ánanaust 15.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur þann 16. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Sólvallagötureit 1.133.4, vegna lóðarinnar Ánanaust 15.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reitur 1.152.5, Skúlagötusvæði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 17. nóvember 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.152.5 vegna lóðanna að Lindargötu 40, 42, 46 og Vatnsstíg 12.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 29. nóvember 2005.

Helga Bragadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. nóvember 2005